



## Bátur strandar og sekkur

Mál nr: **2025-23-S-14 Bonný ST 45**

Dagsetning: **21. maí 2025**

Staðsetning: **Leiruhólmi NV af Helguvík**

Atvik: **Strandar á skeri og sökk**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

Þann 21. maí 2025 kl 04:00 var strandveiðibáturinn Bonný ST 45 á leið til veiða. Báturinn lagði af stað frá Keflavík en steytti á skeri við Leiruhólma stuttu síðar, rann af skerinu og sökk til hálf. Veður: Logn og þoka.

### 1. Helstu staðreyndir

#### Bonný ST 45

Skipaskrár. nr. 7320

Útgerð: Saber ehf.

Smíðaður: USA 1980

Stærð: 7,7 BT

Mesta lengd: 9,38 m

Breidd: 2,84 m

Vél: VOLVO PENTA 217,8 kW 1993


Fjöldi skipverja: 1



### 2. Atvikalýsing


Þegar báturinn lét úr höfn tilkynnti skipstjóri brottför en Vaktstöð siglinga heyrði ekki í honum. Skipstjórinn taldi að of lítil spenna væri á neyslugeyminum. Þrátt fyrir að báturinn væri á 16-17 hnúta ferð fór skipstjórinn að mæla spennuna á geyminum. Báturinn virðist hafa beygt örlítið til bakborða með þeim afleiðingum að hann lenti upp í grjóti (mynd 1). Skipstjóri bátsins komst af sjálfsdáðum í land en báturinn rann af grjótinu þegar flæddi frá.

Bliki GK 171 og Sigrún GK 97 fóru að slysstað til aðstoðar ef báturinn skyldi losna. Björgunarskipið Njörður G kom að strandstað kl. 05:52. Skipverjinn fór um borð í björgunarskipið Hannes Þ Hafstein sem tilkynnti kl. 06:51 að báturinn væri hálf sokkinn. Mynd 2 sýnir siglingu bátsins frá því að hann lét úr höfn og þar til hann strandaði.



Strandstaður 200 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru.

Mynd 1. Strandstaður



Mynd 2. Sigling bátsins frá því að hann lét úr höfn og þar til hann strandaði

### 3. Greining

RNSA hefur ekki forsendur til að leggja mat á hvort lág spenna hafi verið á neyslugeymunum.

### 4. Niðurstöður

Ástæða þess að Bonný ST 45 strandaði má rekja til þess að báturinn beygði eða var beygt í átt að landi.

### 5. Mikilvægar ábendingar

Allmörg tilfelli hafa komið inn á borð RNSA þar sem bátar stranda þegar þeir eru á mikill ferð og viðkomandi skipstjóri er við önnur störf. Mikilvægt er að draga úr ferð eða stöðva för þurfi stjórnandinn að sinna öðrum störfum.

Lokaskýrsla samþykkt þann 16. mars 2026

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Pálmi Jónsson

Jón Finnbjörnsson

Hilmar Snorrason

Hjörtur Emilsson

Geirprúður Alfreðsdóttir

F.h. RNSA

Jón Pétursson Rannsóknarstjóri Siglingasviðs.



